



Reykjavík, 13.03.2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efni: Umsögn Samfés um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.

Samfés, samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi hefur tekið til umsagnar þingsályktunar-tillögu um menntastefnu til 2030 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. febrúar 2020. Samfés fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar þar sem meðal annars kemur fram mikilvægi óformlegrar menntunar og að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar með það að leiðarljósi að allir geti lært. Við hjá Samfés fögnum því góða samstarfi og samtali sem hefur farið fram um menntastefnuna.

Samfés (Youth Work Iceland) eru frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi sem voru stofnuð að Frikirkjuvegi 11 í Reykjavík þann 9. desember árið 1985. Helstu markmið samtakanna eru að auka samskipti og samvinnu aðildarfélaga á landsvísu, halda úti og styðja við lýðræðislega kjörið Ungmennaráð Samfés og Ungmennaráð ungmennahúsa, stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á vettvangi og stuðla að aukinni og virkri félags- og lýðræðisþátttöku ungs fólks á Íslandi.

Þingsályktunartillagan er afskaplega metnaðarfull og vel unnin. Það er ánægjulegt að talað sé um nemendalýðræði í greinargerð með frumvarpinu. Eða eins og segir í lið 17.

17. Áhrif nemenda á eigið nám og nemendalýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ábyrgð vex því aðeins ef nemendur venjast því að taka ákvarðanir og standa við þær, bæði ákvarðanir sem nemendur taka einir og ákvarðanir í samráði við aðra. Sama á við um námsaðferðir sem þeir temja sér en nauðsynlegt er að nemendur eigi sem mest val um þær á öllum aldri. Áhersla verður lögð á að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til að ýta undir sjálfbæra þróun en þar gegnir ungt fólk lykilhlutverki. Samstarf verður haft við börn og ungmenni við stefnumótun og aðgerðir tengdar menntun. Hvetja þarf ungt fólk til þátttöku í mikilvægum ákvörðunum því þannig mun það öðlast þá kunnáttu og þekkingu sem þarf til að auka virkni sína og þátttöku í samfélaginu og þróun þess.

Samstarf allra aðila sem koma að menntun ungmenna er gríðarlega mikilvægt og að ungmennin séu höfð með í ráðum nauðsynlegt. Ein af grunnstoðum Barnasáttmálans sem lögfestur var hér á landi árið 2013 er sú skilyrðing að börn og ungmenni fái að tjá sig og skoðanir sínar í öllum málum er þeim viðkoma og taka eigi tillit til óska þeirra og skoðana. Með því að tryggja faglega aðkomu

félagsmiðstöðva og ungmennahúsa að menntun er verið að opna enn frekar fyrir því að ungmenni hafi greiðari aðgang að því að tjá skoðanir sínar, því undirstaðan í allri starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er ungmennalýðræði. Það er m.a. tryggt með því að Samfés starfrækir ungmennaráð, bæði fyrir ungmenni í 8.-10. bekk sem og ungmenni sem sækja ungmennahús. Eru ungmennaráðin kjörin á ári hverju af ungmennum og koma þau af öllu landinu. Í hverri félagsmiðstöð er starfrækt einhverskonar form af ungmennaráði og hafa þau ríkan ákvörðunarrétt varðandi starfsemi félagsmiðstöðva.

Til viðbótar við vel unna menntastefnu þá viljum við nefna að hægt hefði verið að tryggja enn betur virka þátttöku ungs fólks í stefnumótuninni. Einnig viljum við koma því á framfæri og til umræðu að starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa séu mikilvægur þáttur í menntun ungmenna þótt ekki fari þar fram formlegt nám líkt og innan veggja skólakerfisins. Óformlegt nám skiptir einnig gríðarlega miklu máli í framþróun og þroska ungmenna og sýnir það sig að þar sem virk starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er, að ungmenni sem sækja þá þjónustu fá tækifæri til að þroska og þróa sjálf sig og hæfileika sína án þess að vera undir þeim formerkjum að um nám sé að ræða.

Á Landsþingi Samfés og á Norrænu ungmennþingi Samfés kom skýrt fram að unga fólk þó óskar þess að meiri áhersla sé lögð á skilning á námsefnið í staðin fyrir próf, að brúa þurfi bilið milli grunn- og framhaldsskóla, nauðsynlegt sé að samræma einkunnarkerfi og að skólar, leggja áherslu á fjölbreytt nám og kennsluáferðir, að ungt fólk sé gert ábyrgt fyrir eigin menntun, boðið sé uppá meira verklegt nám og auka tengingu við óformlegt nám.

Starf félagsmiðstöðva og ungmennahúsa um allt land hefur gríðarlega mikilvæg áhrif á skólabrag og jákvæð samskipti nemenda. Skólar og aðrar fræðslustofnanir eru mikilvægustu stofnanir samfélagsins til að stuðla að jákvæðum og friðsamlegum samskiptum, tengslum ólíkra samfélagshópa og búa til eitt samfélag fyrir alla. Jafnframt eru miklir möguleikar að ná þessum markmiðum í starfi frístundaheimila, félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og öllu öðru skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Nauðsynlegt er að setja skýrari stefnu er varðar t.d. skólaráð, nemendaráð innan skólanna svo allir hafi jafn gott af og sömu tækifæri til óformlegs náms innan ráða skólakerfisins/félagsmiðstöðva og ungmennahúsa.

Í daglegu starfi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er meðvitað unnið með þríþætt gildi frítímans og æskulýðsstarfs: Afþreyingargildi, menntunargildi (reynslunám) og forvarnagildi. Unnið er að því að bæta samskipta- og félagsfærni barnanna og unglínganna, á mikilvægum árum sem leggja grunn að sjálfsmyndinni.

Að ná ákveðnu stigi félagsþroska er hluti af hæfniviðmiði félagsmiðstöðva. Horft er til þroskastiga sem unnið er með. Hvað tilheyrir hvað aldurshópi, þroska þeirra og getu. Þetta á jafnt við um beina starfsemi, sem og fræðslu og umræðu. Horft til virkni og þátttöku, að upplifun þeirra sem koma sé góð. Finni sig í öryggi og góðri umgjörð. Fá tækifæri til að vaxa og dafna, hafi gaman og líði vel. Vilji þ.a.l. koma aftur og virki þannig sem best, sem fyrsta stigs forvörn. Viðmiðin og grunnildin endurspeglast og kristallast í öllu starfi á vettvangi, líkt og Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin. Í stefnumörkum hjá Evrópusambandinu er rík áhersla lögð á að auka vægi hálf-formlegrar og óformlegrar menntunar sem leiða, m.a. til að efla samfélagsþátttöku, virkni og framleiðni. „Non-formal og informal education/learning“ eru kjarnahugtök í stefnumótandi gögnum frá Evrópusambandinu í æskulýðsmálum og rík áhersla er lögð á margháttað samstarf milli þeirra sem standa að þessum mismunandi formgerðum náms.

Samstarf allra aðila sem koma að menntun barna og ungmenna er gríðarlega mikilvægt og að ungmennin séu höfð með í ráðum er svo sannarlega nauðsynlegt. Ein af grunnstoðum Barnasáttmálans sem lögfestur var hér á landi árið 2013 er sú skilyrðing að börn og ungmenni fái að tjá sig og skoðanir sínar í öllum málum er þeim viðkoma og taka eigi tillit til óska þeirra og skoðana. Með því að hafa tryggða aðkomu félagsmiðstöðva og ungmennahúsa að menntun er verið að opna enn frekar fyrir því að ungmenni hafi greiðari aðgang að því að tjá skoðanir sínar, því undirstaðan í allri starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa er ungmenna lýðræði. Það er m.a. tryggt með því að Samfés starfrækir ungmennaráð, bæði fyrir ungmenni í 8.-10. bekk sem og ungmenni sem sækja ungmennahús.

Virðingarfyllst,

f.h. Samfés



Samfés, samtök
félagsmiðstöðva
á Íslandi
Kt. 650686-1799

Victor Berg Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Samfés